



Dagsetning: 1. nóvember 2024
Málsnúmer: 2411002/5.0

Til bæjarráðs

MINNISBLAÐ

Jólasjóðurinn í Fjarðabyggð

Hefð er komin á samvinnu Rauða kross deilda í Fjarðabyggð og Fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar, Mæðrastyrksnefndar Kvennfélagsins Nönnu, Kapólsku kirkjunnar og Þjóðkirkjunnar við að styrkja einstaklinga og fjölskyldur sem þurfa á aðstoð að halda fyrir jólin. Auk þessara aðila hefur Kvenfélag Reyðarfjarðar bæst í hópinn. Jólasjóður Rauða krossins hefur verið til frá árinu 2002, en samvinnan sem orðin er um hann í dag hefur staðið frá árinu 2009.

Aðstoð sjóðsins felst í úttektarkorti í matvöruverslunum á svæðinu og miðast úthlutun við 15. desember ár hvert. Fyrirtæki og félagasamtök hafa styrkt sjóðinn undanfarin ár og enn sem fyrr leitum við til ykkar til að aðstoða okkur með því að vera með og styrkja sjóðinn og hið góða starf sem hann sinnir. Við óskum hér með eftir aðstoð ykkar til að viðhalda starfi þessa mikilvæga samstarfs. Hægt er að leggja inn á söfnunarreikning jólasjóðsins 0569-14-400458-5201694079.

Beiðni um styrkveitingu í jólasjóð Fjarðabyggðar. Lögð er fram beiðni um að framlag Fjarðabyggðar verði hækkað úr 500.000 kr. í 800.000 kr. vegna mikillar ásóknar í sjóðinn og bágrar fjárhagsstöðu hans.

Laufey Þórðardóttir

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs

